

## Skólanefndarfundur haldinn í FSH 01.11.2017

Mættir eru skólanefndarmennirnir Sigurgeir Höskuldsson formaður, Hjálmar Bogi Hafliðason, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Þór Stefánsson og Helena Eydís Ingólfssdóttir. Ruth Þórarinsdóttir fulltrúi nemenda, Valdimar Stefánsson fulltrúi kennara, Herdís Sigurðardóttir skólameistari og Halldór Jón Gíslason aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

### Dagskrá

1. **Rekstur skólans.** Hali -10.228.332, skuld við ríkissjóð -6.899.519. Skuldastaða við ríkissjóð nú um 1,4 milljónir. Óskýr svör frá ráðuneyti um það hver sé munur á Hala og skuld við ríkissjóð. Eignakaupaliður rangt færður inn í rekstraryfirlit.
  - a. Herdís fer á fund með Ingbóri hjá fjársýslu ríkisins föstudaginn 03.11.2017.
2. **Stefnuskjal skólans til þriggja ára.** Skilað til ráðuneytis í október árlega. Markmiðið að auka samræmi í áætlanagerð. Farið yfir helstu markmið, mælikvarða og aðgerðir.
3. **Bókasafn.** Elín sagði upp störfum við Framhaldsskólann sökum verkefnaskorts. Ekki verður ráðið í þá stöðu. Áætlað að endurhanna rýmið til útleigu.
  - a. Bókasafnið hugsanlegur snertiflötur milli Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík.
4. **Breytingar á gjaldskrá.** Ráðuneytið þarf að samþykkja verðskrána. Nýtt í gjaldskrá er leiga á kennslustofum. Á dagvinnutíma 4.000 kr. Utan dagvinnu 5.000 kr.
  - a. Bent á mögulegan kostnað vegna umstangs. Mögulegt að bæta slíkum liðum inn í verðskrá.
5. **Uppfært skipurit.** Uppfærslu þörf þar sem gamla skipuritið tilgreinir brautir sem ekki eru kenndar í dag. Nýtt skipurit borið upp til samþykkis. Samþykkt.
6. **Önnur mál.**
  - a. Dillidagar og fardagar eru í byrjun mars. Ruth fer yfir dagskránnu. Settar upp smiðjur. Settar upp þrautir, skipt í lið. Fjarmentaskólinn aðlagður að liðunum þegar hann kemur inn síðar í vikunni. Skólanefnd ætlar að reyna að koma hugmyndum til nemendafélagsins með smiðjur.

### Fundi slitið.